



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 8. júní 2012

Niðurstöður athugunar á umsjón H.F. Verðbréfa hf. með beinu markaðsaðgengi (e. Direct Market Access, DMA) hjá Kauphöll Íslands

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun á umsjón H.F. Verðbréfa hf. (HFV) með beinu markaðsaðgengi hjá Kauphöll Íslands á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athugunina á tímabilinu febrúar 2012 til mars 2012. Í kjölfar vettvangsathugunarinnar var HFV send skýrsla þar sem fram komu niðurstöður eftirlitsins. HFV var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum og andmælum á framfæri. Í endanlegu bréfi til HFV, dags. 1. júní 2012, var tekið tillit til þeirra andmæla eftir því sem tilefni þótti til.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu athugunarinnar.

Vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins einskorðaðist við innra eftirlit HFV með beinu markaðsaðgengi, rekjanleika viðskipta í gegnum beint markaðsaðgengi og hvort notendur DMA hugbúnaðarins hafi tök á að afla innherjaupplýsinga í kerfinu. Fjármálaeftirlitið gerði enga athugasemd við ofangreinda þætti.